

**Nr. 045 / 16 Tómas Þorvaldsson GK 10*****Skipverji slasast við fall í lest***

Skipaskr.nr. 1006  
IMO 6611631  
Smíðaður: Noregi 1966, stál  
Útgerð: Þorbjörn hf  
Stærð: 334 brl. 504 bt.  
Mesta lengd: 47,74 m Skráð lengd: 44,74 m  
Breidd: 8,2 m Dýpt: 6 m  
Vél: Caterpillar 728 kW, 2001  
Fjöldi skipverja: 14



Tómas Þorvaldsson©Alfons Finnsson

**Gögn:**  
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 9. október 2017 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni og Hirti Emilssyni.

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 22. ágúst 2015 var Tómas Þorvaldsson GK 10 á línuveiðum á NA miðum. Veður: NA 22-25 m/s og 42 m/s í hviðum. Ölduhæð 5-6 m.

Skipverji var við vinnu í lest og stóð í fiskikari þegar brot kom á bátinn með þeim afleiðingum að hann kastaðist niður á brún þess.

**Við rannsókn kom fram:**

- að skipverjinn fékk verk í nára sem leið fljótt frá og hann hélt áfram vinnu.

**Nefndarálit:**

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.

**Sérstök ábending:**

Talsvert hefur verið um slys í tengslum við vinnu í lest þegar unnið er í körum. Þegar hafa komið fram lausnir til að auka öryggi þeirra sem vinna við þessar aðstæður. Þar má nefna palla úr riffluðu áli og einnig er hægt að sníða til rifflaðar grindur til að setja í botn kara. Nefndin hefur vitneskju um að þessar lausnir séu notaðar um borð í nokkrum skipum með góðum árangri. *Sjá myndir á næstu blaðsíðu.*

